

Ed.

**108. Frumvarp**

til laga um að landssjóður kaupi einkasímann til Vestmannaeyja og síma-  
kerfið þar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir landssjóðs hönd frá

1. október 1912 einkasímalínuna frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja og talsímakerfið í Vestmannaeyjum fyrir bókfært verð, að frádrögnum 1500 krónum í álag.

2. gr.

Til kaupanna samkvæmt 1. gr. veitist landsstjórninni heimild til að taka allt að 45150 króna lán fyrir landssjóðs hönd.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.